

Bifreiðaíþróttaklúbbur Reykjavíkur
Bt. Kolbrúnar Vignisdóttur
Engjavegur 6
104 Reykjavík

Reykjavík 21. ágúst 2018
UST201808-149/I.M.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi fyrir aksturskeppni - Þjóðgarðurinn Snæfelljökull

Umhverfisstofnun hefur móttekið umsókn Bifreiðaíþróttaklúbbs Reykjavíkur, dagsett 21. ágúst 2018 um leyfi til að hluti akstursleiðar aksturskeppni fari um Eysteinsdal og Jökulháls innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þann 24. ágúst 2018.

Eysteinsdalur liggur innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðaður sbr. reglugerð um þjóðgarðinn Snæfellsjökul nr. 568/2001. Ekki má spilla þar gróðri, trufla dýralif né hrófla við jarðmyndunum. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimilt í þjóðgarðinum á leyfis Umhverfisstofnunar.

Vegurinn um Jökulháls liggur utan þjóðgarðsins og er sa hálfur akstursleiðarinnar ekki háður leyfis til Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að hafa hluta af akstursleið aksturskeppni um þann hluta vegarins um Eysteinsdal sem liggur innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls föstudaginn 24. ágúst 2018 kl. 10:00-14:30. Áætlað er að veginum verði lokað á meðan aksturskeppni stendur og að starfsmenn keppninnar gæti þess að utan að komandi bílar fari ekki um veginn á meðan keppni stendur. Þrír bílar munu fara á undan keppnisbílum til að framkvæma öryggiseftirlit og á eftir keppnisbílum fer björgunarsveitarbíll og bíll sem tímur sorp og annað sem keppnisbílar gætu skilið eftir sig. Tíu starfsmenn koma að verkefninu auk 48 annarra.

Áhrifamat og niðurstaða:

Umhverfisstofnun metur að umrædd aksturskeppni hafi talsverð neikvæð áhrif á gesti þjóðgarðsins, enda háannatími heimsókna þessar vikurnar. Fjöldi gesta sækir Eysteinsdal heim daglega til upplifunar og útvistar. Þá telur stofnunin að ef óhapp verður á ökuleiðinni geti það haft talsverð neikvæð áhrif á náttúru svæðisins. Vegurinn um Eysteinsdal er þróngur með krappar beygjur og hraðakstur ökutækja við slíkar aðstæður gæti endað utan vegar í viðkvæmu hrauni eða gróðri. Stofnunin telur hættu á skemmdum á gróðri og landi skapast við slíka keppni auk hættu á slysum og eldsneytisleka ef ekið er útaf í úfið hraunið. Á umræddri leið eru auk þess hvorki bílastæði né svæði fyrir áhorfendur svo hætta er á spjöllum á gróðri ef áhorfendur safnast saman á landsvæði umhverfis veginn.

Í ljósi framangreinds veitir Umhverfisstofnun ekki heimild fyrir því að ekið sé um þann hluta Eysteinsdals sem liggur innan þjóðgarðsins í umræddri aksturskeppni.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin hefur ekki veitt heimild fyrir takmörkun á umferð um þjóðgarðinn vegna aksturskeppninnar og hefur í því sambandi ekki samþykkt takmörkun á aðgengi gesta um Eysteinsdal innan þjóðgarðsins.

Kæruheimild:

Ákvörðun þessa er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 11. gr. laga nr. 97/2004. Um aðild, kærufrest, málsmæðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þessa.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um starfsemi er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri



Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður

Afrit sent:
Vegagerðinni
Lögreglinni á Vesturlandi